

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu
Lindargata
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2025

Efni: Áform um frumvarp til laga um lágmarksskatt á fjölþjóðleg stórfyrirtæki (mál nr. S-22/2025).

1. Inngangur

Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök iðnaðarins (SI), samtökin, hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 6. febrúar sl. Stjórnvöld áforma að innleiða samræmdar reglur um 15% lágmarksskatt fjölþjóðlegra samstæðna. Reglurnar eiga rót sína að rekja til BEPS (Base Erosion and Profit Shifting), en um er að ræða verkefni á vegum OECD. Er áformað að Ísland taki reglurnar upp í landslög án frávika. Markmið reglnanna er að stuðla að sanngjarnara skattkerfi en fjölmörg álita- og áhyggjuefni varðandi framkvæmd þeirra gefa tilefni til varfærinnar nálgunar við innleiðingu þeirra hér á landi.

Alþjóðlegur lágmarksskattur (Pillar 2) hefur verið til umfjöllunar á vettvangi Business at OECD (BIAC). Samtökin vilja vekja athygli á helstu athugasemdum sem þar hafa komið fram sem og öðrum almennum athugasemdum.

2. Flækjustig og tæknileg atriði

Með áformunum er verið að kynna til sögunnar nýtt lag skattheimtu sem eykur verulega upplýsingaskyldu fyrirtækja og gagnayfirferð stjórnvalda. Umfangi þeirra gagna sem ber að skila inn til að ákvarða skattinn hefur verið lýst sem „nær óyfirtíganlegu“ af hálfu BIAC¹, sem hefur þungar áhyggjur af flækjustiginu og þeirri „gífurlegu reglubyrði“ sem regluverkinu fylgir. BIAC telur hættu á því að hvorki fyrirtæki né yfirvöld hafi burði til þess að takast á við það mikla flækjustig sem í framkvæmdinni felst eftir að aðlögunartímabili lýkur. Þátttaka í innleiðingunni krefst skýrslugerðar fyrir hvert land og endurútreiknings á virkri skattprósentu skv. reglum OECD sem eru ólíkar þeim reglum sem gilda í hverju þáttökulandi fyrir sig.

¹ <https://25159535.fs1.hubspotusercontent-eu1.net/hubfs/25159535/BIAC%20-%20Public%20Consultation%20Response%20-%20GloBE%20Information%20Return%20%20SENT%208.19.24.pdf>

Samtökin vara við þeim kostnaði sem fyrirtæki á Íslandi munu þurfa að standa straum af vegna fjárfestingar í nýjum kerfum til að hægt sé að standa skil á fyrirhuguðum lágmarksskatti. Að mati PwC gæti kostnaður fjölþjóðlegra stórfyrirtækja við skattskil tvöfaldast við innleiðingu reglnanna.² Þá vilja samtökin jafnframt setja fyrirvara við mögulega hættu gagnvart öryggis- og persónuverndarsjónarmiðum sem krafa um skil á gífurlegu gagnamagni getur haft í för með sér. Í því samhengi vilja samtökin benda á að BIAC telji enn vera tækifæri til úrbóta á fyrirliggjandi regluverki til þess að draga úr umræddri öryggishættu.

Þá hafa samtökin áhyggjur af því að regluverkið verði innleitt á ólíkum tímum og með ólíkri túlkun reglnanna eftir ríkjum. Slík staða getur leitt til tvískattlagningar og deilna um skattskyldu á milli ríkja sem mun fyrst og fremst bitna á fyrirtækjum. Samtökin vara við því að skortur á samræmingu á milli ríkja sem innleiða regluverkið getur leitt til lagalegrar óvissu, sér í lagi þar sem skattkerfi ríkja geta verið í ósamræmi við leiðbeiningar OECD.

Þá vilja samtökin benda á að óvissa um þátttöku stórra ríkja á borð við Bandaríkin mun án efa skapa ójafnan leikvöll. Þessi óvissa um þátttöku skapar jafnframt hættu á keðjuverkandi áhrifum á vilja annarra ríkja til þátttöku. Í öllu falli telja samtökin ekki tímabært að haldið sé af stað í þessa vegferð áður en þátttaka annarra mikilvægra viðskiptaríkja liggur fyrir.

3. Áhrif á skattalega hvata og fjárfestingu

Fjöldmörg ríki styðjast við skattalega hvata, s.s. vegna rannsókna og þróunar og afskriftarreglur vegna fjárfestinga, til að auka fjárfestingu einkageirans í nýsköpun, efla verðmætasköpun og laða til sín erlenda fjárfestingu. Er Ísland þar á meðal. Alþjóðlegur lágmarksskattur er til þess fallinn að draga úr áhrifum slíkra hvata í þeim tilvikum þar sem virk skattlagning verður undir 15%.

Ófyrirsjáanleiki vegna framkvæmdar fyrirhugaðra laga og mögulegs flækjustigs við slíka framkvæmd getur einn og sér dregið úr áhuga fjárfesta á nýsköpun á Íslandi. Ekki kemur fram í áformaskjali stjórnvalda hvort að mat hafi verið gert á verðmæti þeirra tækifæra sem kynnu að fara forgörðum verði áformin að lögum. Vilja samtökin benda á að þau lönd sem koma til með að vilja viðhalda skattahvötum eða öðrum opinberum stuðningi í því skyni að laða að fjárfestingu munu að öllum líkindum þurfa að finna glufur í reglum OECD eða fara nýstárlegar leiðir fram hjá þeim til að viðhalda virkni jákvæðra hvata. Slíkt kemur til með að flækja fjárfestingarumhverfið enn frekar. Þá hafa komið fram sjónarmið um að breytingar á skattkerfum ríkja sem leiðir af BEPS verkefninu verði að vera samræmdar og

² <https://www.pwc.com/gx/en/services/tax/the-pillar-two-challenge-for-business-leaders-actions-to-initiate-now.html>

innleiddar með slíkum hætti að ekki myndist misræmi milli ríkja. Því er mikilvægt að fyrir liggi ítarleg greining á reynslu annarra ríkja af sambærilegum breytingum.

Samtökin taka undir mikilvægi þess að skattumhverfið á Íslandi sé sanngjarnt og skilvirkt. Samtökin hafa aftur á móti verulegar efasemdir um að fyrirliggjandi áform um innleiðingu á lágmarksskatti á fjölpjóðleg stórfyrirtæki, áður en fyrir liggur með hvaða hætti önnur ríki útfæra skattinn, séu til þess fallin að ná yfirlýstu markmiði um sanngjarnara skattkerfi. Þvert á móti telja samtökin að slík áform geti leitt til aukinnar óvissu, enn meira íþyngjandi regluverks fyrir íslenskt atvinnulíf og dregið úr fjárfestingu í nýsköpun og hugviti. Slíkt mun óhjákvæmilega draga úr verðmætasköpun í íslensku samfélagi – engum til hagsbóta.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins




Anna Hrefna Ingimundardóttir

Sigríður Mogensen

Aðstoðarframkvæmdastjóri SA

Sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI